

öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 80 3. febrúar 1977 um bann við togveiðum fyrir Vesturlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

14. apríl 1977.

Nr. 178.

## REGLUR

um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

1. Við silungsveiði í sjó má nota lagnet, sem lögð eru út frá strönd. Festa má ytri enda þeirra við stjóra í botni.
2. Bil milli silunganeta í sjó skal vera minnst 100 m. eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds, sem net liggur.
3. Merkja skal silunganet í sjó. Skal veiðieftirlitsmaðurinn annast merkinguna.
4. Veiða má göngusilung í lagnet í sjó frá 1. apríl til 15. maí og frá 1. ágúst til 20. september ár hvert.
5. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. apríl 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

Nr. 179.

## REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

### G j ö l d :

Ýmis kostn. prentun o. fl. 1976	kr.	308 592.00
Styrkveitingar árið 1976	—	2 030 282.00
Tekjur til ráðstöfunar 1978	—	6 000 000.00
Tekjur lagðar við höfuðstól	—	7 126 749.00
	Samtals kr.	15 465 623.00

### T e k j u r :

Samúðarskeyti Landsímans	kr.	9 225 840.00
- 15% til F. Í. S.	—	1 383 877.00
	kr.	7 841 963.00
Aðrar minningargjafir	—	63 400.00
Vaxtatekjur 1976	—	7 560 260.00
	Samtals kr.	15 465 623.00